

## **Greinargerð með ársreikningum Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2011 við afgreiðslu þeirra við fyrri umræðu í hreppsnefnd 8. mars 2012.**

Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2011 eru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar hér í dag, 8. mars 2012. Alls samanstanda reikningarnir af 10 sjóðum sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 7 B-hluta sjóði.

Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 468,2 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 263,7 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 134,6 m. kr. og aðrar tekjur 70,0 m. kr.

Heildargjöld A- hluta voru á hinn vænginn 435,7 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum 26,0 m.kr. eru gjöld A- hluta 461,7 m.kr. og þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda að fjárhæð 95,9 m.kr. í tekjur umfram gjöld er rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 102,4 m.kr.

Rétt er að geta þess að í ársreikningi 2011 er halla B-hluta fyrirtækja mætt að fullu með framlögum úr A-hluta samtals að fjárhæð 34,0 m.kr. Rekstrargjöld í aðalsjóði hækka af þeim sökum sem því nemur.

A- hluti sveitarsjóðs skilar samkvæmt þessu 32,5 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 154,9 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 616,7 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 44,7 m. kr., voru 506,3 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 110,3 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunatekna og -gjalda, að fjárhæð 144,5 m.kr. í tekjur umfram gjöld kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 254,7 m. kr. hagnaði árið 2011.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 6,4 % eða úr 433,7 m. kr. 2010 í 461,7 m.kr. árið 2011. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda/tekna lækka um 32,1 % eða úr 532,7 m.kr. 2010 í 361,9 m.kr. árið 2011. Þetta skýrist af langstærstum hluta af því að sveitafélagið seldi eignarhlut sinn í HB Granda á árinu. Söluhagnaður vegna söluunnar veldur að fjármagnstekjur eru mun meiri en fjármagnsgjöld.

Hagnaður samstæðunnar í heild breytist úr 41,8 m.kr. árið 2010 í 254,7 m.kr. hagnað árið 2011.

Megin hluti söluandvirðis hlutarins í HB Granda var nýttur til niðurgreiðslu lána og mun því bæta rekstrarrafkomu sveitarfélagsins inn í framtíðinna sökum mun lægri afborgana og fjármagnskostnaðar en ella væri.

## Í neðangreindri töflu sést hvernig útgjöldin í heild skiptast hlutfallslega:

	Árið 2010	Árið 2011		
	M.kr.	%	M.kr.	%
Laun og launatengd gjöld	247,1	46,4	260,9	72,1
Breyting lifeyrisskuldbindinga	1,6	0,3	6,2	1,7
Annar rekstrarkostnaður	184,9	34,7	194,6	53,8
Afskriftir	41,3	7,7	44,7	12,3
Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld	57,8	10,9 (144,5)	-39,9	
<b>Samtals</b>	<b>532,7</b>	<b>100,0</b>	<b>361,9</b>	<b>100,0</b>

Af framansögðu er ljóst að afkoma sveitarsjóðs er ágæt þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Jákvæð rekstrarniðurstaða skýrist að langstaerstum hluta af því að almennar tekjur hækka meira en ráðgert var í fjárhagsáætlun, enn fremur hefur tekist að halda rekstrarkostnaði í skefjum með aðhaldi og hagræðingu. Fjármagnskostnaður er hærri en ráðgert var í fjárhagsáætlun ársins 2011 og munar þar mestu um það að verðbólgan var mun meiri á árinu en áætlað var. Jafnframt gjaldfærir uppgreiðsluálag vegna lána sem greidd voru upp á árinu, allt, á árinu 2011. Söluhagnaður hlutabréfa í HB Granda lagfærir þó stöðuna verulega eins og sjá má af því að fjármagnstekjur umfram gjöld eru 144,5 m. kr.

Fyrir rekstur sveitarfélaga jafnt sem annarra fyrirtækja skiptir sköpum að takast megi að halda verðlagi stöðugu.

Ljóst er að miklu skiptir hvernig stjórnvöldum á hverjum tíma tekst að glíma við verðbólgudrauginn. Takist það ekki sem skyldi er víst að mörgum sveitarfélögum, fyrirtækjum og heimilum verði stefnt í voða hvað rekstrarkostnaði varðar.

Á liðnu ári var áfram haldið með aðgerðir til þess að lækka rekstrarkostnað og reynt að vera á tánnum hvað varðar rekstrarkostnað hinna mismunandi deilda í góðri samvinnu við forstöðumenn deildanna. Í stórum dráttum má segja að á þessum liðum hafi tekist vel til við að halda í horfinu. Hækjun á verðlagi almennra rekstrarvara og hækkanir launa samkvæmt kjarasamningum setja þó sitt mark á niðurstöðutölurnar, enda ekki hjá því komist að kyngja þessum verðhækjunum, ef veita á sömu þjónustu og áður.

Laun og önnur rekstrargjöld hækkuðu samtals um 6,4 % eða úr 433,6 m.kr. árið 2010 í 461,7 m.kr. árið 2011. Þetta verður að teljast nokkuð góður árangur, þar sem hinar mismunandi rekstrarvörur hafa hækkað verulega í verði milli ára. Nægir þar að nefna rafmagn, olfur og matvæli svo dæmi séu tekin, þá hækka laun einnig fyrir áhrif kjarasamninga sem tóku gildi á árinu sem var að líða.

Laun og launatengd gjöld saman hækka úr 247,1 m.kr. 2010 í 260,9 m.kr. 2011, sem er 5,3 % hækjun. Séu launin aðgreind frá launatengdu gjöldunum kemur í ljós að þau hækka úr 202,2 m. kr. árið 2010 í 210,7 m. kr. árið 2011 eða 4,2 %. Launatengdu gjöldin hækka úr 45,1 m. kr. 2010 í 48,2 m. kr. árið 2011 eða um 6,9 %. Ákvarðanir um fjárhæðir launatengdra gjalda skipta sköpum í launamassanum eins og hér kemur berlega í ljós, þegar launatengd gjöld eru orðin svona stór hluti útgreiddra launa.

Á árinu 2011 var stigið skref í sölu hlutabréfa í fyrirtækinu HB Granda sem sveitarfélagið átti. Söluandvirði bréfanna að frádegnum sölukostnaði var 476,7 m. kr. og var stærsti hluti

þessara fjármuna nýttur til niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins. Aðgerð þessi er til mikilla hagsbóta fyrir rekstur sveitarfélagsins inn í framtíðina. Afborganir og vaxtagreiðslur næstu ára munu lækka verulega, sem leiðir til þess að mögulegt er að vinna að margvíslegum góðum verkum í samfélagini án þess að taka ný lán. Stefna sú sem sett er fram með þessum hatti kemur einnig vel fram í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2012-2015.

Í ársreikningnum eru sérstaklega færðar upp lifeyrisskuldbindingar, áfallið ótekið orlof og óbeinar afskriftir. Lifeyrisskuldbindingar alls í efnahagsreikningi eru 49,7 m.kr. í árslok 2011. Í ársreikningi ársins 2011 hefur einnig verið tekið skýrt á því að fára framlag úr aðalsjóði á móti halla B-hluta fyrirtækja að fjárhæð 34 m.kr. árið 2011.

Varðandi nánari útlistun á þessum hlutum er að öðru leyti vísað til endurskoðunarskýrslu KPMG með ársreikningi 2011 og skýringa með ársreikningi.

Á árinu var reynt að lágmarka framkvæmdir. Einungis var reynt að ljúka við nauðsynlega þætti, sem í gangi höfðu verið og ekki varð komist hjá að vinna. Ráðstöfun þessi var liður í því að reyna sem frekast var kostur að lágmarka þörfina fyrir nýjar lántökur.

Fjárfesting á varanlegum rekstrarfjármunum nam einungis 9,7 m.kr. nettó

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 51,3 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2011, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatima lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga til framtíðar eins og áður hefur komið fram.

Í heild eru erlend lán sveitarsjóðs um 7,8 % heildarlána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hæri tala hefði hlutfall erlendra lána verið hærra. Það hlýtur því að teljast athugunarefni hversu hátt þetta hlutfall ætti að vera og ljóst er að mörg sveitarfélög eru með mjög hátt hlutfall erlendra lána, sem þau hafa vafalitið tekið í krafti mikils vaxtamunar á erlendum og innlendum lánum á sínum tíma.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 433,2 m. kr. á árinu. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2011 átti einungis að greiða niður lán um 96,7 m.kr. Mikið áatak var því stigið í að lækka skuldir á árinu. Þetta tókst með því að selja eignir og nýta stóran hluta söluandvirðis þeirra til niðurgreiðslu lána. Með þessu móti tókst að lækka hlutfall skulda og skuldbindinga sveitarfélagsins af heildartekjum úr 185 % í 114,5 %, sem er gríðarlega góður árangur. Í nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að þetta hlutfall megi ekki fara yfir 150 % og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki.

Engin ný lán voru tekin á árinu á móti þessum niðurgreiðslum. Sökum reiknaðra verðbóta að fjárhæð 51,3 m.kr. og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 433,2 m. kr., lækka langtímalán úr 854,1 m.kr. árið 2010 í 512,6 m.kr. árið 2011 eða um 341,5 m.kr. í samstæðunni allri og skammtímalán lækka úr 160,7 m. kr. í 138,8 m.kr. í samstæðunni milli þessara ára. Í heild lækka skuldir og skuldbindingar um 358,2 m.kr. milli áranna 2010 og 2011.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltulé frá rekstri jákvætt um 74,4 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 82,9 m.kr. Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fē í árslok er 156,1 m.kr. en var i upphafi ársins 19,5 m. kr.

Vopnafjarðarhreppur á hlutafé í ýmsum fyrirtækjum og er þar helst að nefna Lánaþjóð Sveitarfélaga ohf., Slátturfélag Vopnfirðinga ehf., Drekasvæðið ehf., Skiphólma ehf., Arnarvatn ehf. o.fl.

Í heild verður að segja að sá mikli árangur sem náiðist í að afsetja eignir á árinu 2011 og nýta söluandvirðið að stórum hluta til niðurgreiðslu lána er sú aðgerð sem mestu skiptir fyrir fjárhag Vopnafjarðarhrepps til framtíðar. Fjármagnskostnaður lækkar til muna og jafnframt lækka árlegar afborganir verulega. Rými sveitarfélagsins til þess að sinna skylduverkefnum sínum eykst því til muna fyrir tilstilli þessarar aðgerðar. Milli áranna 2010 lækkuðu skuldir og skuldbindingar úr 1.064 m. kr. í 706,4 m.kr. og samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2012-2015 er ráðgert að heildar skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins verði komnar niður í 325 m. kr. í árslok 2015. Hlutfall skulda og skuldbindinga hefur samkvæmt þessu lækkað úr um 185 % í tæplega 114,5 % milli áranna 2010 og 2011 og áætlað er að það verði komið í tæplega 53 % í árslok 2015. Eins og fyrr hefur verið greint frá er viðmið nýrra sveitarstjórnarlaga varðandi þetta hlutfall að það skuli vera innan við 150 %.

Miðað við niðurstöðu þessa ársreiknings geta Vopnfirðingar horft björtum augum til framtíðar.

Ljóst er þó að halda þarf fast um stjórnvölinn til þess að settum markmiðum verði náð.

Vopnafirði 8. mars 2012  
  
Þorsteinn Steinsson,  
sveitarstjóri  
Vopnafirði